



Skoðun Sjávarklasans

23. október 2012

Mikil verðmæti eru falin í vexti í komum skemmtiferðaskipa hingað til lands:

Áætlaður matarkostnaður skemmtiferðaskipa hátt í 3 milljarðar

Árið 2010 komu hingað til lands 160 þúsund farþegar með 219 skemmtiferðaskipum. Mögulegar árlegar tekjur af sölu matvæla til skemmtiferðaskipa geta numið rúmlega 3 milljörðum króna, en áætla má að núverandi hlutdeild íslenskra fyrirtækja í þeirri veltu sé rétt tæplega 10% eða um 300 milljónir. Komur skemmtiferðaskipa hingað til lands fara hratt vaxandi og er því greinilega til mikils að vinna sé haldið rétt á spilunum.


Samkvæmt nýlegum upplýsingum sem unnar eru uppúr ársreikningum stærstu skemmtiferðafyrirtækja heims, eyðir hver farþegi skemmtiferðaskips að jafnaði tæpum 30 þúsund krónum á dag (árið 2012). Þar af er miðaverð 22.500 kr. og eyðsla um borð 6.500 kr. Af miðaverði er rekstarkostnaður vegna matarkaupa skemmtiferðaskipa að jafnaði um 1.700 kr. daglega¹.

Í júlí á síðasta ári tók Rannsóknamiðstöð ferðamála saman tölfræði um komur skemmtiferða skipa til Íslands frá 2000 til 2010. Þar kemur fram að samtals komu hingað til lands 219 skemmtiferðaskip með rúmlega 160.000 farþega árið 2010². Samkvæmt Ágústi Ágústssyni, markaðsstjóra hjá Faxafloahöfnum er algengt að það líði um 8 dagar frá því að skip kemur að höfn á Íslandi þangað til það er komið að næstu birgðahöfn.

Miðað við þessar upplýsingar er hægt að gera ráð fyrir að matarkostnaður skemmtiferðaskipa við þessa 160.000 farþega í 8 daga hafi verið u.þ.b. 2,2 milljarðar króna á gengi dagsins í dag. Athuga ber þó að líklega eru þetta neðri mörk þar sem mörg þeirra skemmtiferðaskipa sem sækja Ísland heim eru að bjóða meiri þjónustu og gæði en gengur og gerist. Innlendir sérfræðingar benda á að \$20 daglegur matarkostnaður á mann sé lágmarksviðmið, eða um 2.500 kr. Miðað við þær upplýsingar eru möguleg áætluð matarkaup þessara skipa rúmlega 3 milljarðar íslenskra króna á ári. Vitaskuld munu skipin ekki kaupa allan sinn kost héraðs, en raunhæft er fyrir íslensk fyrirtæki að setja sér markmið um að tvöfalda þessa sölu á næsta áratug.

¹ <http://www.cruisemarketwatch.com/market/>

² <http://ferdamalastofa.is/Category.mvc/DisplayElement?catid=754&moduleid=220&sid=7195>



Samkvæmt upplýsingum sem Íslenski sjávarklasinn hefur aflað má gera ráð fyrir að þau skemmtiferðaskip sem hingað koma kaupi mat fyrir um 250-300 m.kr, eða innan við 10% af áætluðum matvæla kaupum skemmtiferðaskipa (miðað við 2.500 kr. daglegan matarkostnað á farþega).

Árið 2012 var metár í fjölda ferðamanna með skemmtiferðaskipum til Reykjavíkur, en áætlað er að í ár komi 90 þúsund manns þar í höfn. Nú þegar hefur verið bókað fyrir 100 þúsund farþega árið 2013 og enn á eftir að bætast við³. Sérfræðingar gera ráð fyrir 9% vexti á ári í komum skemmtiferðaskipa næstu ár og nýverið lét forseti Íslands þau orð falla að innan fárra ára myndu tvær milljónir ferðamanna koma hingað til lands⁴.

Íslenski sjávarklasinn vinnur nú að verkefni í samvinnu við ýmis innlend fyrirtæki eins og hafnir, flutningamiðlara og iðnfyrirtæki um að auka sölu og þjónustu við skemmtiferðaskip. Markmið verkefnisins er að gera Ísland að þjónustumiðstöð fyrir skip í Norður-Atlantshafi, en fyrsti liðurinn í því er að auka sölu á matvælum til skemmtiferðaskipa. Í kjölfarið verður horft til aukinnar sölu á tækniþjónustu fyrir skip af öllum toga. Ljóst er að hér þarf að halda rétt á spilunum og nýta hvert sóknarfæri. Með aukinni samvinnu og öfluglu markaðsstarfi er vel hægt að stórauka innlenda veltu tengda erlendum skipakomum.

Nánari upplýsingar veitir Haukur Már Gestsson, hagfræðingur hjá Íslenska sjávarklasnum í síma 867-8786 eða haukur@sjavarklasinn.is.

Íslenski sjávarklasinn er samstarfsvettvangur fyrirtækja í haftengdri starfsemi sem hefur að markmiði að efla samstarf um haftengda starfsemi á Íslandi og kynna þau tækifæri sem margháttað starfsemi sjávarklasans getur falið í sér.

³ <http://www.ruv.is/frett/metfjoldi-med-skemmtiferdaskipum>

⁴ <http://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2012/09/25/tvaer-milljोनir-ferdamanna-til-slандs/>